

Ályktun aðalfundar Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur í Spennistöðinni 28. apríl 2022.

Aðalfundur Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur (ÍMR) lítur hávaða og ónæði vegna veitinga- og skemmtistaða í miðbænum alvarlegum augum. Aðalfundurinn skorar á borgarstjórn að verja rétt íbúanna til þess að hafa svefnfrið um nætur en skv. 4. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkurborg er bannað að hafast nokkuð það að sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.

Samkvæmt 26. gr. lögreglusamþykktarinnar ber þeim sem reka veitinga- eða skemmtistaði að sjá um að allt fari þar vel fram og valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði. Íbúasamtökin óska eftir samtali um hvað er til ráða.

F.h. Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur
28.apríl 2022
Sigrún Tryggvadóttir